

**Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn
mánudaginn 8. júní 2015, kl 11.00 á skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga og í
fjarfundi frá Hólmavík.**

Mætt voru Friðbjörg Matthíasdóttir, formaður, Baldur Smári Einarsson, Daníel Jakobsson, Ingibjörg Emilsdóttir (Hólmavík) og Sigurður Hreinsson. Einnig sat Aðalsteinn Óskarsson, fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og ræddi í upphafi fund sem hún átti með félags og húsnaðismálaráðherra ásamt verkefnisstjóra BsVest, þann 5. júní s.l.. Til umræðu var staða málaflokks fatlaðs fólks á Vestfjörðum, þjónusta sveitarfélaga og alvarleg rekstarstaða málaflokksins.

Gengið til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 11. maí 2015
Fundargerð var send út í tölv pósti þann 13. maí og kynnt sveitarfélögum í framhaldinu. Fundargerð borinn upp og staðfest.
2. Sóknaráætlun Vestfjarða
 - a. Skipan samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vestfjarða
Framkvæmdastjóri kynnti skipan samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vestfjarða. Leitað var eftir tilnefningum í samráðsvettvang til sveitafélaga þann 19. maí s.l. og málið ítekað um mánaðarmótin. Eitt sveitarfélag, Kaldrananeshreppur, hafði svarað þann 3. júní en umfjöllun er í gangi hjá öðrum sveitarfélögum.
Á grundvelli umræðu gerði formaður eftirfarandi tillögu.
Sveitarfélögum verði gefin frestur til 16. júní n.k. að skila tilnefningum í samráðshóp. Málið verði metið að nýja þegar sá frestur er liðinn.
Tillagan samþykkt.
 - b. Tillögur um áhersluverkefni
Samkvæmt samþykkt stjórnarfundar 11. maí s.l. var starfsmönnum falið að koma með tillögur að áhersluverkefnum með fjárhagsramma upp á 14 mkr. Fundur var haldinn þann 28. maí s.l, með starfsmönnum og framkvæmdastjóra Atvest. Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöðu fundarins sem var tillaga að fimm verkefnum. Á grundvelli umræðu gerði formaður eftirfarandi tillögu sem lögð verður fyrir samráðsvettvang;

Fjárfestingarverkefni, 5 mkr. Beinar markaðsaðgerðir fyrir vestfirska ferðaþjónustu, 5 mkr. Lögð verði áhersla á tengsl skapandi greina innan þessara verkefna. Öðrum verkefnum hafnað en samþykkt nýtt verkefni til allt að 3 ára, um stefnumörkun atvinnulífs og samfélags á Vestfjörðum með tilliti til breytinga á innviðum á Vestfjörðum, 4 mkr. Framkvæmdastjóra falið að gera tillögu að nánari útfærslu verkefna.
Tillagan samþykkt.

3. Málefni 60. Fjórðungsþings

a. Starfsáætlun stjórnar

Rætt um nauðsyn á breyttum starfsháttum FV og framkvæmd fjórðungsþinga á grundvelli aukinna verkefna og þar með ábyrgðar sambandsins. Ákall væri um aukna aðkomu allra aðildarsveitarfélaga að stjórn sambandsins.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að gera tillögu á grundvelli eftirfarandi áherslna.

- Samþykktir Fjórðungssambands Vestfirðinga verði endurskoðaðar með tilliti til að auka aðkomu allra sveitarfélaga að stjórn sambandsins.
- Starf Fjórðungsþings Vestfirðinga taki mið af aðferðarfræði við stefnumörkun á Landsþingi, Sambands íslenskra sveitarfélaga. Stefna stjórnar verður kynnt sveitarfélögum með ásættanlegum fyrirvara t.d. tveim vikum og hún lögð fyrir umræðumhópa eða vinnustofur á fjórðungsþingi.
- Tekið verði upp fyrirkomulag með tveim fundum aðildarsveitarfélaga á ári, þ.e. vor og haust. Vorfundur afgreiði árreikning og starfsskýrslu liðins ár. Haustfundur verði helgaður stefnumörkun í sameiginlegum málum sveitarfélaga og afgreiðslu starfsáætlunar og fjárhagsáætlunar fyrir komandi starfsár. Leitað verði til samstarfsaðila FV um að dagsetning ársfunda verði samræmd.

b. Ársreikningur 2014

Framkvæmdastjóri kynnti að vinna við endurskoðun ársreiknings væri langt komin en loka þarf millifærslum á milli deilda.

c. Starfsmannastefna

Framkvæmdastjóri kynnti að beðið tilboðs ráðgjafafyrirtækis varðandi verkefnið. Starfsmenn hafa ekki skipað trúnaðarmann.

4. Samgöngumál

a. Fundargerð samgöngunefndar FV, 1. júní 2015

Lögð fram fundargerð samgöngunefndar FV frá 1. júní 2015. Á fundinum var fjallað um minnisblað til umhverfis og samgöngunefndar Alþingis.

b. Samgönguáætlun 2015-2018, umsögn til Alþingis.

Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis boðaði landshlutasamtök sveitarfélaga og aðildarsveitarfélög þeirra þann 1. júní s.l.. Fundurinn var haldinn þann 2. júní og hann sótti framkvæmdastjóri en formaður FV var í síma, einnig voru fulltrúar frá sex sveitarfélögum á Vestfjörðum á fundinum. FV lagði fram minnisblað sem samgöngnefnd FV afgreiddi á fundi sínum þann 1. júní s.l. og sveitarfélögin kynntu sínar áherslur.

Framkvæmdastjóri fór yfir umræðu af fundinum m.a. áherslur sveitarfélaga á Vestfjörðum til viðbótar við minnisblað samgöngunefndar FV. Framkvæmdastjóri taldi fundinn hafa verið gagnlegan þrátt fyrir skamman fyrirvara.

Sigurður sem formaður samgöngunefndar FV, gerði tillögu um að umhverfis og samgöngunefnd Alþingis verði sent uppfært minnisblað sem taki tilliti til áherslna sveitarfélaga á Vestfjörðum sem komu fram á fundinum. Þetta eru; staða hafnarmála, áherslur um fækkun á einbreiðum brúm, endurbygging stofnvega og almenningssamgöngur. Einnig verði að fjalla nánar um útfærslu vegar um Dynjandisheiði og tengingu hans við suðurfirði Arnarfjarðar. Tillagan samþykkt.

5. Ársfundir

a. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf

Framkvæmdastjóri kynnti að aðalfundur Atvest verði að öllum líkindum haldinn þann 22. júní n.k.. Rætt um undirbúning fundarins m.a. stjórnarkjör.

6. Umsagnir

a. Umsagnir til Alþingis

i. þingsályktunar um eflingu brothættra byggða og byggðafestu veiðiheimilda, 588. mál.

Kynnt umsagnarbeiðni varðandi mál 588 á 144. löggjafarþingi, þingsályktun um eflingu brothættra byggða og byggðafestu veiðiheimilda. Framkvæmastjóra falið að kynna samþykktir 59. Fjórðungspings um sjávarútvegsmál.

Formaður kynnti að lögð hefði verið fram á Alþingi þingsályktunartillaga sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra, mál 775 „áætlun um meðferð og ráðstöfun aflamagns sem dregið er frá heildarafla skv. 5. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur ekki fengið tillöguna til umsagnar en sveitarfélögin Vesturbyggð og Ísafjarðarbær sem hefðu ályktað um byggðatengdar aflaheimildir, hefðu verið boðuð á fund atvinnuveganefndar Alþingis þann 5. júní s.l.. Formaður gerði tillögu um að FV kynnti ályktanir Fjórðungspings um sjávarútvegsmál sem innlegg í umræðu um þessa þingsályktun. Tillagan samþykkt

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 13.30.